

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 240/2024

2025/EES/9/12

frá 25. október 2024

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2147 frá 6. ágúst 2024 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 30. júní 2024 til 29. september 2024 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1zzd (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1289) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„1zze. **32024 R 2147**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2147 frá 6. ágúst 2024 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 30. júní 2024 til 29. september 2024 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Stjtið. ESB L, 2024/2147, 7.8.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2147, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2147, 7.8.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2147/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.